

***BORGARRÁÐ 16. apríl 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvað borgarmeirihlutinn hyggst gera fyrir eldri borgara vegna neikvæðra COVID - 19 áhrifa á samfélagið - R20040100***

Flokkur fólksins spyr hvað hyggst borgarmeirihlutinn gera fyrir eldri borgara vegna neikvæðra Covid-19 áhrifa á samfélagið. Hvað af þeim aðgerðum sem borgin hyggst grípa til snerta hagsmuni eldri borgara Reykjavíkur nákvæmlega? Mun borgin koma á móts við eldri borgara er varðar þjónustu vegna mótuneyta, verslana, apóteka og leigubíla? Mun borgin taka upp gjaldfrjálsa heimsendingu til þeirra eldri borgara sem þurfa að fá sendingar heim til sín?Hvað annað ætlar borgin að gera til að hjálpa eldri borgurum í þessum aðstæðum. Miklar áhyggjur eru af mörgum eldri borgurum núna. Sumir hafa einangrast. Hafa skal í huga að 10 þúsund eldri borgarar búa einir.